



ÁRSSKÝRSLA 2023-2024

MYNDLISTASKÓLINN

Í REYKJAVÍK

ÁVARP SKÓLAMEISTARA	3
SKÝRSLA STJÓRNAR	4
BÓKASAFN	7
NÁMS- OG STARFSRÁÐGJAFI	7
ERASMUS	8
BARNADEILD.	10
NÁMSKEIÐ	14
NÁM Í DAGSKÓLA	18
KERAMIKBRAUT	18
LISTMÁLARABRAUT	20
TEIKNIBRAUT	22
TEXTÍLBRAUT	24
MYNDLIST FYRIR NEMENDUR MEÐ ÞROSKAHÖMLUN	26
LISTNÁMSBRAUT	28
FORNÁM	30
BRAUTSKRÁNING	33
FÉLAGATAL	32
TÖLFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR	36
STARFSFÓLK OG SKIPURIT	38
MIKILVÆGAR DAGSETNINGAR.	39



Myndlistaskólinn í Reykjavík

www.mir.is

Umsjón og ábyrgð: Áslaug Thorlacius

Myndir: Ýmsir

Prentun: Litróf

Umbrot: Hrönn Magnúsdóttir

Útgefið í október 2024

ÁVARP SKÓLAMEISTARA

Miklar umbreytingar hafa átt sér stað í Myndlistaskólanum á undanförunum árum. Ekki er langt síðan reyndur kennari við skólann sagði eitthvað á þá leið að umgjörðin um skólann væri enn með barnasniði þótt hann væri fyrir löngu orðinn fullorðinn. Það er ekki galin samlíking því formið á stjórnun og ut anumhaldi hafði haldist í skorðum þótt skólinn hafi á langri ævi bæði breyst í grundvallaratriðum og vaxið mjög. Myndlistaskólinn er vissulega orðinn fullorðinn, hann er kominn vel á áttæðisaldurinn. Upphaf hans má rekja allt aftur til ársins 1946 þegar Félag íslenskra frístundamálara var stofnað en ári síðar hóf félagið námskeiðahald fyrir almenning. Á næsta ári verða 75 ár frá stofnun sjálfseignarstofnunar utan um starfsemina. Þetta var laukrétt, það var sannarlega tímabært að endurskoða hlutina. Breytingarnar hafa ekki verið alveg sársaukalausar en nú hefur stakkurinn verið sniðinn betur að vextinum. Mikilvægast er þó að skólinn býr áfram við þann lúxus að hafa aðgang að frábæru starfsfólki og kennaraliði úr fremstu röð listamanna og hönnuða. Það er mannaúdurinn sem ber uppi gæði skólastarfsins.

Nokkur stór markmið sem lengi hefur verið stefnt að og varða rekstur skólans náðust á árinu. Með nýjum samningi við ríkið hefur rekstrargrundvöllur skólans styrkst. Samningurinn er ekki bara fjárveiting, hann er yfirlýsing um að skólastarfið sé verðmætt og mikilvægt því hann byggir á djúpri skoðun sérfræðinga á okkar rekstri, námsframboði og kennsluáðferðum. Í kjölfarið á markvissri greiningu á kostnaðarliðum, aðhaldi í útgjöldum og breyttum aðferðum í rekstrinum var hægt að hækka laun allra sem við skólann starfa. Og nú hafa hæðir skólans í JL húsinu verið seldar og nýtt hús keypt utan um starfsemina en það verkefni hefur verið á dagskrá frá árinu 2016. Á Rauðarárstíg 10, þar sem skólinn starfaði um skeið á 8. áratug síðustu aldar, hefur skólinn nú eignast tvö hús. Annað kemur til með að halda vel utan um skólann í nánustu framtíð, hitt verður leigt út eða selt aftur. Ef vel tekst til við að leigja það út hefur skólinn eignast mikilvægan fjárhagslegan bakhjarl til framtíðar og á þá jafnframt möguleika á að stækka ef starfsemin heldur áfram að vaxa.

Það var á sínum tíma mjög sterkur leikur að fjárfesta í húsnæði undir skólann en á meðan skólinn var á leigumarkaði þurfti reglulega að flytja úr einu húsnæði í annað. Svo er hagkvæmt að geta stjórnað því hvernig hlutir eru gerðir. Í Myndlistaskólanum hefur þess verið gætt að hlutirnir virki sem skyldi en ekki er bruðlað með fé og fjarri því nokkurt þjatt í gangi. Eftir aldarfjórðung á Hringbrautinni átti skólinn hæðirnar tvær nánast skuldlausar og andvirði þeirrar eignar gengur nú upp nýja og betri húseign. JL húsið er komið í mikla viðhaldspörf og er ekki sérstaklega hentugt undir skólastarf. Vissulega er eftirsjá að sjávarútsýninu en við fáum ýmislegt gott í staðinn í hjarta borgarinnar. T.d. frábæra staðsetningu og bestu hugsanlegu almenningsgöngur. Ég er sannfærð um að flutningurinn upp á Hlemm verði stórt og mikilvægt gæfuspor fyrir Myndlistaskólann í Reykjavík. Við horfum björtum augum framtíðar og hlökkum til þess stórátaks sem framundan er við að finna sameiginlegan takt í nýju húsi.

Til hamingju nýjan og síungan en áttæðan Myndlistaskólann í Reykjavík!

Áslaug Thorlacius

SKÝRSLA STJÓRNAR 2023-2024

STÖRF STJÓRNAR

Fundir í stjórn á tímabilinu 1. júlí 2023 - 31. júní 2024 voru alls 9. Við upphaf tímabilsins var stjórn svo skipuð: Ingibjörg Jóhannsdóttir formaður, Erlendur Hjaltason og Elsa Dórothea Gísladóttir meðstjórnendur og Bjarni Hinriksson og Logi Bjarnason varamenn. Ingibjörg var ráðin sem forstöðumaður Listasafns Íslands og gekk úr stjórn síðsumars þar sem hún taldi stjórnarsetuna ekki samræmast nýrri stöðu sinni. Bjarni kom þá inn sem aðalmaður og tók við formennsku. Elsa ákvað að gefa ekki kost á sér áfram á aðalfundi 2023.

Á aðalfundi, sem haldinn var 30. október náðist ekki að manna varastjórn til fulls. Því var boðað til framhaldsaðalfundar sem fram fór 20. nóvember. Eftir aðalfund og framhaldsaðalfund var stjórn svo skipuð: Bjarni Hinriksson formaður, Erlendur Hjaltason varaformaður, Logi Bjarnason meðstjórnandi, Bergþóra Guðnadóttir varamaður og Edda Kristín Sigurjónsdóttir varamaður.

Á sama aðalfundi náðist heldur ekki að manna stjórn Félags Myndlistaskólans í Reykjavík. Í fyrri stjórn sátu: Brynhildur Þorgeirsdóttir, Guðrún Vera Hjartardóttir, Sigtryggur Bjarni Baldvinsson, Guðný Rúnarsdóttir, Guðbjörg Björnsdóttir, Valur Brynjar Antonsson og Anna Cynthia Leplar en ekkert þeirra gaf kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Enginn annar bauð sig fram. Á framhaldsaðalfundi voru eftirfarandi kjörin sem aðalmenn í stjórn félagsins: Halldór Baldursson, Yean Fee Quay, Steingerður Hreinsdóttir, Þuríður Ósk Smáradóttir. Varamenn í félagsstjórn: Ólöf Bóadóttir og Ína Salóme

Stjórn skólans hafði ýmislegt til umfjöllunar á skólaárinu. Mestan tíma tóku þó fjármál og rekstur, starfsmannamál, húsnæðismál og samningar skólans.

STARFSMANNAMÁL

Sigmundur Páll Freysteinnsson kom til starfa sem yfirkennari á textílbraut við upphaf skólaársins. Þrjú störf voru auglýst rétt fyrir sumarfrí en Eva Charlotte Hänsel, fjármálastjóri, hætti 1. september og Helga Björk Ottósdóttir, deildarstjóri almennra námskeiða hætti 1. október. Fjölmargar umsóknir bárust um öll störf. Steingerður Hreinsdóttir var ráðin sem rekstrarstjóri, Deborah Leah Bergsson til að annast bókhaldið og Ólöf Bóadóttir sem deildarstjóri almennra námskeiða. Auk þess var Silfrún Una Guðlaugsdóttir fengin til að sjá um Erasmus+ þegar Roxana Elena Cziker hvarf til annarra starfa í júníbyrjun. Silfrún tók jafnframt að sér bókasafnsvörslu á mótí Siggu Björgu og nokkrar vaktir á skrifstofu eftir að Sólbjört Vera Ómarsdóttir fór í fæðingarorlof í september. Sigga Björg fékk svo eins árs laun frá launasjóði myndlistarmanna og tók sér frí frá bókasafninu. Silfrún leysti hana af.

Í lok september sagði Einar Garibaldi Eiríksson starfi sínu sem deildarstjóri sjónlistadeildar lausu frá og með áramótum. Þórunn María Jónsdóttir var ráðin í kjölfar auglýsingar og hóf hún störf um áramót. Á sama tíma hætti Halla Kjartansdóttir allri kennslu og einbeitt sér nú að skrifstofustjórn. Þóra Breiðfjörð hætti sem umsjónarmaður keramikverkstæðis um áramót og tóku Sunna Sigfríðardóttir og Viktor Breki Óskarsson að sér að sjá um það í sameiningu. Viktor hefur séð einn um verkstæðið frá apríl. Skömmu fyrir lok skólaársins sagði Sigmundur Páll starfi sínu við textílbrautina lausu. Í hans stað var ráðin Margrét Katrín Guttormsdóttir sem náði að vera nokkra daga í starfi til hliðar við Sigmund en tók formlega við sem yfirkennari brautarinnar að loknu sumarleyfi.

Nokkrir fastir starfsmenn unnu tímabundið öll sín störf í fjarvinnu, yfirleitt var um að ræða dvöl í gestavinnustofum.

Mikil óánægja spratt upp meðal kennara við eina af deildum skólans í upphafi haustannar þegar deildarstjóri sendi út kennslusamninga haustsins. Í ljósi vaxandi halla í rekstrinum hafði á undangengnu ári farið fram greining á öllum kostnaðarliðum sem leiddi í ljós að kjör kennara höfðu þróast með ólíkum hætti á milli deilda. Mismunurinn lá fyrst og fremst í fjölda greiddra undirbúningsstunda sem höfðu

vaxið gríðarlega í viðkomandi deild. Þeim stundum var enn fremur mjög misskipt milli kennara við deildina sem samræmist ekki stefnu skólans um jafnræði og gegnsæi varðandi laun. Skólinn var á sama tíma að vinna umsókn um jafnlaunastaðfestingu lögum samkvæmt og því var óhjákvæmilegt að leiðrétta ósamræmið. Í ljós kom að upplýsingar um breytingar á launakjörum kennara og markmiði þeirra höfðu ekki skilað sér til kennara fyrr en kom að undirritun kennslusamnings skömmu áður en skólahald hófst. Það braust út mikil óánægja vegna þessa. Í kjölfarið tóku nokkrir kennarar ákvörðun um að hætta störfum við skólann. Eftir sem áður hefur þó skólinn á að skipa framúrskarandi kennurum úr hópi starfandi listamanna.

Þessar sviptingar leiddu með skýrum hætti í ljós þörfina á enn frekari tilfærslum verkefna innan skólans og var ákveðið að færa gerð launasamninga á eina hendi. Nú sér rekstrarstjóri skólans um þau mál í nánú samráði við yfirkennara sem setja upp stundatöflur fyrir sína hópa. Með því að hafa alla samninga á einni hendi er auðveldara að tryggja gegnsæi og jöfn kjör við skólann.

Í lok árs var ákveðið að auka starfshlutfall yfirkennara í minnsta starfshlutfalli úr 25 í 30%.

Ný launastefna var samþykkt og umsókn um jafnlaunastaðfestingu var skilað inn til Jafnréttisstofu. Eins og stefnt var að voru laun hækkuð um áramót þegar komið var í ljós hverju aðhaldsaðgerðir skólans höfðu skilað. Niðurstaðan var 10% hækkun á öllum launum.

STARFSMANNASAMTÖL, STEFNUMÓTUN OG STARFSMANNAKÖNNUN

Nýr rekstrarstjóri óskaði eftir að fá að taka starfsmannasamtöl. Í framhaldi boðaði hún til stefnumótunarfundar með föstum starfsmönnum og kynnti síðan skýrslu byggða á niðurstöðunum á starfsmannafundi. Helstu niðurstöður voru þær að starfsfólk hefur áhuga á meira samstarfi, betri aðstöðu/húsnæði, skýrari verkferlum, auknum sýnileika skólans og meiri gleði og félagslífi. Ýmislegt var gert til að mæta þessum óskum, s.s. vikulegur samstarfsdagur á skrifstofu yfirkennara en hæst bar kannski námsferð hópsins til Ravenna og Feneyja á Ítalíu sem farin var í lok júní. Farið var í heimsóknir í listaháskóla, námskeiðaskóla, söfn, fornar byggingar og verkstæði listamanna, auk þess sem Feneyjatvíæringurinn var skoðaður í krók og kring. Sömuleiðis fór hópur kennara í leik- og grunnskólasamstarfsverkefnið í námsferð til Helsinki þar sem þau lærðu pappírs- og bókagerð. Þessar ferðir voru styrktar af Erasmus+.

Ráðgjafafyrirtækið Gott og gilt lagði tvær kannanir fyrir hópinn á vormisseri. Áður hafði verið gerð sambærileg könnun meðal fastráðinna árið 2021 og sýndu niðurstöður bæði betri starfsanda og vaxandi jákvæðni. Að þessu sinni var einnig sendur út spurningalisti til lausráðinna kennara. Niðurstöður voru kynntar stjórn skólans og einnig voru haldnir fundir með báðum hópum. Spurningar sem snúa að áreitni, hæfni/trausti til starfsmanna/stjórnenda, tryggð og viðhorfi til skólans koma best út í könnuninni. Mestar framfarir tengjast trúflun í vinnunni og skipulagi starfs, en álag og trúflun í vinnunni virðast hafa minnkað talsvert og skipulag vinnunnar og samstarf virðist að sama skapi hafa batnað umtalsvert, auk þess sem verkferlar eru skýrari. Spurningarnar sem tengjast stjórnun og stefnu eru aðeins misvísandi. Stefan er skýrari og mat á skólastjóra hefur farið upp á við en hins vegar hefur skynjun á mynd skólans farið aðeins niður á við sem og skynjun á viðhorfum stjórnenda gagnvart heilsu og velferð.

Í heildina hefur starfsánægja aukist og áhrif einstaklinga á starfið styrkst.

FJÁRMÁL

Markmiðið með fjárhagslegri endurskipulagningu á rekstri skólans var að ná tókum á fjármálum skólans sem farin voru að síga á ógæfuhliðina en einnig að bæta kjör allra sem við hann starfa. Hverri krónu var velt við í rekstrinum og farið í sársaukafulla vinnu til að leiðrétta skekkju sem orðin var á launastefnu skólans. Bæði markmið náðust og fengu starfsmenn að njóta góðs af því þegar laun

allra voru hækkuð um 10% frá og með 1. janúar 2024.

Verðlagning námskeiða er nú unnin í spálíkani og miðast við áætlaða framlegð. Stjórn samþykkti á fundi sínum að þessi leið skyldi farin en áður var nákvæm gjaldskrá lögð fyrir stjórn til samþykktar árlega. Með þessari aðferð er tryggt að skólinn fari ekki af stað með námskeið sem fyrirséð er að skili rekstrartapi.

SAMNINGAR SKÓLANS VIÐ RÍKI, BORG OG ERENDA SAMSTARFSSKÓLA

Nýr samningur við ríkið var undirritaður 13. maí 2024 en sá gamli rann út vorið 2018. Það varpaði nokkrum skugga á gleðina yfir nýjum samningi að um sama leyti bárust fréttir af því að einkaskólar á háskólastigi gætu fengið fullt framlag með sínum nemendum gegn því að hætta að innheimta skólagjöld. Fyrirspurnum um hvort ekki ætti að gera slíkt hið sama á framhaldsskólastigi var svarað neitandi.

Samningar skólans við borgina runnu út í lok maí. Báðir voru framlengdir óbreyttir til eins árs en áður höfðu þeir verið framlengdir óbreyttir í þrjú ár. Þannig hafa styrkir borgarinnar til skólans staðið í sömu krónutölu frá hausti 2018. Áhrifin eru annars vegar hærri námskeiðsgjöld hjá börnum og hins vegar að mun færri hópar fá tækifæri til þátttöku í myndlistarsmiðjum í samstarfi við leik- og grunnskóla borgarinnar.

Samstarf við University of Cumbria í Carlisle var staðfest með tveimur samningum sem undirritaðir voru á vorönn. Annar snýr að nemendum á teiknibraut og hinn að nemendum á listmálarabraut. Fyrir var skólinn með samning við Leeds Arts University.

VIÐURKENNING OG SKÓLANÁMSKRÁ

Sækja þurfti um endurnýjaða viðurkenningu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi en það þarf að gera á þriggja ára fresti. Margt hefur breyst á þremur árum og þurfti að taka skólanámskrána í gegn, m.a. að endurskipuleggja kaflaskiptinguna og bæta inn fjölmörgum greinum. Þegar upp er staðið er námskráin mun ítarlegri, betur fram sett og aðgengilegri en áður.

HÚSNÆÐISMÁL

Enn var haldið áfram að reyna að selja JL húsið og kaupa húsnæði í eigu ríkisins við Rauðarárstíginn. Í byrjun desember samþykkti ríkið kauptilboð skólans og Fiðluhúss, félags sem hefur áhuga á að byggja upp á reitnum við Hlemm en er einnig að kaupa JL húsið í heild sinni. Allt virtist vera að ganga upp rétt fyrir jólin en þá hljóp snurða á þráðinn þegar Staðarfjall sem rekur Subway fékk samþykkt lögðann á gistingu flóttafólks í húsinu og málið fór fyrir dómstóla. Áhrifin af því hefðu getað orðið til þess að skólinn væri fastur í JL húsinu á meðan málið færi alla leið innan dómskerfisins. Á endanum keypti Fiðluhús eignir Staðarfjalls á yfirverði. Skólinn tók á sig umtalsverða verðlækkun á sínum eignarhluta vegna málsins. Í mars var bindandi kauptilboð undirritað um sölu á JL húsinu. Illa gekk hinsvegar að ljúka kaupsamningi þar sem erfitt reyndist

að ná niðurstöðu um dagsetningar á greiðslum. Samstarfið við Fiðluhús uppi á Hlemmi gekk út á að skólinn keypti 2565 m² hús á horni Laugavegar og Rauðarárstígs en Fiðluhús keypti húsin beggja vegna við, alls um 5400 m². Þegar til kom tókst Fiðluhúsi ekki að standa við kaupin. 9. júlí seldi skólinn sinn hluta í JL húsinu og keypti daginn eftir 4000 m² í tveimur húsum við Rauðarárstíginn. Annað húsið dugir til að hýsa skólann fyrst um sinn. Hitt húsið var að hluta í útleigu og er stefnt að því að leigja það allt út.

SKÓLAHALD

Skrifstofa skólans var opnuð aftur að loknu sumarleyfi þriðjudaginn 8. ágúst og starfsfólk mætti til starfa á ný. Boðið var upp á sumarnámskeið fyrir börn vikuna 14. – 18. ágúst. Dagskólinn var formlega settur 21. ágúst og hófst skólastarf af fullum krafti í beinu framhaldi af setningu. Almenn námskeið hófust í vikunni 11. – 16. september.

VERKSTÆÐISDAGAR

Verkstæðisdagar voru haldnir dagana 22. – 24. október. Skömmu áður en að þeim kom var ljóst að konur færu almennt í verkfall 24. október svo verkstæðisdagarnir urðu aðeins tveir þetta árið.

INNRA MAT

Skólameistarinn ræddi að vanda við alla nemendahópa dagskólans í nóvember. Gerð var umbótaáætlun og brugðist við athugasemdum nemenda eins og kostur var á.

SAMSTARF OG SÝNINGAR

Nemendur á teiknibraut unnu verkefni í samstarfi við strætó og myndskreyttu gömul biðskýli við höfuðstöðvarnar.

Skólinn tók þátt í Vetrarhátíð í samstarfi við Sundlaugar Reykjavíkur með sýningum í nokkrum af laugum borgarinnar.

Barnadeild skólans fór í samstarf við Árnastofnun um verkefni fyrir börn í tengslum við opnun fastasýningar stofnunarinnar næsta haust. Sótt var um styrk sem fékkst og verkefnið fer í gang á haustönn.

Keramikbraut tók þátt í Hönnunarmars og sýndu nemendur verk sín í porti Hafnarhússins undir yfirskriftinni Nýting og nægjusemi.

Á vorönn sýndu nemendur í fornámi plaggöt unnin í margmiðlun, undir handleiðslu Dags Pinot Péturssonar, í Bíó Paradís.

Halldór Baldursson, yfirkennari teiknibrautar, stóð fyrir kynningarfundum um starfsemi skólans fyrir Samtök listgreinakennara á framhaldsskólastigi. Margir hafa litla hugmynd um starfið sem hér fer fram og t.d. hvað diplómanám felur í sér.

Skólinn fékk boð um kennaraskipti/vinnustofudvöl í Halland í Svíþjóð. Auglýst var meðal kennara í samstarfi við Vinnustofur SÍM og nöfn þeirra sem höfðu áhuga á verkefninu send til Svíþjóðar.

	VERKSTÆÐISNÁMSKEIÐ	Kennari	Heildarfjöldi þátttakenda	Fjöldi nemenda 23.10.	Fjöldi nemenda 24.10.	Fjöldi nemenda 25.10.
HAUSTÖNN 2023	FÓTÓGRAM	Veronika Geiger	24	8	8	8
	GIFSMÓTAGERÐ	Sunna Sigfríðardóttir	36	12	12	12
	LEIRMÓTUN & RENNSLA	Þóra Breiðfjörð	36	12	12	12
	MACRAMÉ	Hera Sigurðardóttir	34	12	10	12
	MÁLUN	Bjarni Sigurbjörnsson	35	11	12	12
	MONOPRYKK / EINÞRYKK	Soffía Sæmundsdóttir	36	12	12	12
	RÍSÓPRENTUN	Þórunn Kolbeinsdóttir	27	11	9	7
	SHIBORI	Sigmundur Páll Freysteinnsson	32	10	10	12
	TEIKNING Í PHOTOISHOP	Sigmundur Breiðfjörð Þorgeirsson	32	10	12	10
	TEXTÍLÞRYKK	Drífa Thoroddsen	35	11	12	12
VATNSLITUR	Anna Rún Tryggvadóttir	36	12	12	12	
SAMTALS	11	11	363	121	121	121

Selma Hreggviðsdóttir varð fyrir valinu og fer með haustinu. Stefnt er að því að halda samstarfinu áfram og í framtíðinni mun listamaður frá Halland koma og kenna við Myndlistaskólann.

JÓLAHALD

Starfsfólk og kennarar skólans komu saman og bjuggu sér til jólapappír um miðjan desember. Jólaboð var með talsvert breyttu sniði en það hefur verið skólanum dýrt. Ákveðið var að láta gesti greiða 2000 kr fyrir mat og koma sjálfir með sitt borðvín. Skólinn bauð fordrykk. Keyptur var tilbúinn matur. Fyrirkomulagið mæltist prýðilega fyrir og kvöldið var ánægjulegt.

OPÍÐ HÚS

Eins og mörg undanfarin ár var áhugasömum boðið að koma og kynna sér nám við skólann á Opnu húsi Samtaka sjálfstæðra listaskóla, 22. og 23. febrúar. Slæðingur af fólki mætti en nauðsynlegt er að endurskoða þennan viðburð.

Að vanda var einnig haldið opið hús sunnudaginn 17. mars þar sem nemendur á námskeiðum við skólann sýndu verkefni sín. Ína Salóme

Hallgrímsdóttir tók að sér að skipuleggja upphengið í samstarfi við deildarstjóra námskeiða við skólann. Nemandur á fyrra ári listnámsbrautar bökuðu vöflur og seldu gestum. Aðsókn var prýðileg en hefur þó stundum verið betri.

VORSÝNING OG ÚTSKRIFTARHÁTIÐ

Vorsýning nemenda dró að sér fjölda gesta eins og venjulega. Að þessu sinni voru ekki jafnskýr skil á milli nemenda eftir brautum en ákveðin blöndun átti sér stað og fór vel á því.

Útskriftarhátíð skólans var haldin föstudaginn 24. maí í Bíó Paradís en fjöldi útskriftarnemenda var meiri en nokkru sinni, alls 98.

UMSÓKNIR FYRIR NÆSTA SKÓLAÁR

Eins og margir óttuðust fann skólinn vel fyrir skólagjaldumræðu ársins og niðurfellingu gjalda í LHÍ. Umsóknir bárust hægt og þegar fresturinn rann út var nauðsynlegt að framlengja hann í öllum deildum sem er óvenjulegt.

Hópur kennara sótti námskeið í Arkki-skólanum í Finnlandi, maí 2024.



BÓKASAFN

Bókasafn skólans hefur verið í ákveðnu millibilsástandi um tíma en fjárhagur skólans hefur því miður ekki verið nógu góður til að hægt hafi verið að ráða bókasafns- og upplýsingafræðing til starfa. Myndlistaskólinn er síður en svo eini skólinn sem býr við þann vanda og landskerfi bókasafna hefur brugðist við með því að bjóða námskeið í skráningu á bókum sem þegar hafa verið frumskráðar í kerfið, ætlað ófaglærðu starfsfólki safnanna. Sigga Björg Sigurðardóttir, starfsmaður bókasafnsins hefur annast slíka skráningu fyrir skólann en frumskráningu þarf að kaupa annarsstaðar, t.d. af Landsbókasafni. Sigga Björg hlaut 12 mánaða listamannalaun árið 2024 og Silfrún Una Guðlaugsdóttir tók að sér vaktir á safninu við frágang og umhirðu.

Safnið býr að miklum bókakosti sem ekki er til á öðrum söfnum landsins en innkaup á nýjum bókum hafa verið í lágmarki undanfarin ár af ofangreindum ástæðum. Gegnum tíðina hafa skólanum borist margar góðar bókgjafir og þær berast enn. Á síðasta ári skráði Sigga Björg 75 titla sem flestir eru hluti af stórri gjöf sem skólanum barst frá Halldóri Birni Runólfssyni.

Safnið þurfti lengi að biða eftir nýrri útlánatölvu í tengslum við innleiðingu á Ölmu, nýja bókasafnskerfinu. Ennfremur er talsverð notkun á bókasafninu á kvöldin sem fer ekki í gegnum kerfið en kennarar á námskeiðum grípa gjarnan bækur með sér inn í stofu og skila á leiðinni út. Af öllu þessu samanlögðu teljum við útilokað að tölulegar upplýsingar um útlán og annað gefi góða mynd af raunverulegri notkun á safninu og því eru þær ekki settar fram í þessari skýrslu

Það er eitt af brýnustu málum nánustu framtíðar að finna út hvernig best verður haldið utan um bókasafn skólans þannig að það haldi áfram að þjóna nemendum skólans og kennurum sem allra best.

ÁRSSKÝRSLA NÁMS- OG STARFSRÁÐGJAFAR 2023-2024

Náms- og starfsráðgjafi starfar við skólann og býður upp á þjónustu allt að 180 tímum á önn. Anna Sigurðardóttir er starfandi náms- og starfsráðgjafi. Áhersla er lögð á sveigjanleika í framboði þjónustunnar en þess gætt að nemendur og aðrir sem leita sér upplýsinga geti fengið viðtal í skólanum a.m.k. einu sinni í viku. Náms- og starfsráðgjafi bauð upp á viðveru í skólanum á miðvikudögum þetta skólaár. Náms- og starfsráðgjafi vinnur í nánú samstarfi við yfirkennara brauta og skólastjóra þegar við á en gætir þess þó að gæta trúnaðar við nemendur. Náms- og starfsráðgjafi kemur meðal annars að endurskoðun námskrár skólans og ýmsum forvarnaráætlunum. Skapast hefur sú venja innan skólans að yfirkennari sjónlistadeildar og náms- og starfsráðgjafi fá alla nemendur á listnámsbraut til stúdentprófs til sín í viðtal í svokallað miðannamat. Náms- og starfsráðgjafi kemur að kynningarmálum við skólann og sinnir heimsóknum þegar við á. Fjöldi nemenda sem sækir þjónustu náms- og starfsráðgjafa er breytilegur frá viku til viku en reynt er af fremsta megni að koma til móts við þarfir nemenda ef um sérstaka námserfiðleika er að ræða og leitast er við að leiðbeina þeim um þjónustu utan skólans ef þörf er á.



Hópar útskriftarnema af (að ofan) keramikbraut, listmálarabraut, teiknibraut og textilbraut.

ERASMUS+

Á skólaárinu 2023-2024 voru framkvæmd alls fjögur Erasmus+ verkefni, tvö undir liðinum Nám og þjálfun í starfsmenntun fyrir nemendur og starfsfólk og tvö undir liðnum Nám og þjálfun á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi.

Fjórar hópaferðir diplómudeildanna voru farnar á haustönn. Tvær til Hollands, ein til Þýskalands og sú fjórða til Svíþjóðar. Sjónlistardeild fór í hópferð til Þýskalands og heimsótti söfn og listastofnanir. Hópur kennara fór á pappírnámskeið til Finnlands og heimsótti

fjölbreyttar listastofnanir í Helsinki. Hópur kennara fór til Ítalíu og heimsótti þar námskeiðskóla með áherslu á Mósaiik, Listaháskóla með áherslu á mósaiik en einnig heimsóttu þau Feneyjartvíæringinn og fengu þar leiðsögn. Tveir kennarar fóru frá skólanum og kenndu í Frjálsa málaraskólanum í Helsinki sem er partur af samstarfsverkefni á vegum Frjálsa málaraskólans. Skólinn fékk til sín fjóra gestakennara. Einn frá Hollandi sem kenndi málun, tvær frá Þýskalandi sem kenndu í keramikdeildinni og sérfræðing frá Þýskalandi sem kenndi gifsótagerð.

ERASMUS VERKEFNISSTJÓRI: SILFRÚN UNA GUÐLAUGSDÓTTIR

STARFSMENNTUNARVERKEFNI: KENRARAR / STARFSFÓLK

Dvalartegund	Tímabil	Fjöldi	Lengd (dagar)	Staður	
Starfsþing	Haust	19.11.2023-25.11.2023	2	7	Spánn
Starfsþing	Vor	26.02.2024-01.03.2024	1	5	Noregur
		29.02.2024-03.03.2024	1	4	Holland
		25.03.2024-30.03.2024	1	6	Austurríki
		12.04.2024-15.04.2024	2	4	Ítalía
		16.05.2024-21.05.2024	7	6	Finnland
		19.05.2024-20.05.2024	1	2	Finnland
		04.05.2024-05.05.2024	1	2	Finnland
		21.06.2024-26.06.2024	14	6	Ítalía
SAMTALS Á SKÓLAÁRINU		30	42		

STARFSMENNTUNARVERKEFNI: GESTAKENRARAR

Dvalartegund	Tímabil	Fjöldi	Lengd (dagar)	Frá	
Heimsókn sérfræðings	Haust	18.09.2023-27.09.2023	1	10	Hollandi
		09.10.2023-15.10.2023	1	5	Þýskalandi
		16.10.2023-20.10.2023	1	5	Þýskalandi
	Vor	05.03.2024-22.03.2024	1	20	Þýskalandi
SAMTALS Á SKÓLAÁRINU		4	40		

Frá heimsókn starfsmanna í Academy of Art Ravenna, júní 2024.



STARFSMENNTUNARVERKEFNI: NEMENDUR

Dvalartegund	Tímabil	Fjöldi nemenda	Fjöldi kennara / fylgdarliði	Lengd (dagar)	Staður	
Starfsnám - Styttri dvöl: Keramikbraut	Haust	22.09.2023-06.10.2023	10	1	15	Þýskaland
Starfsnám - Styttri dvöl: Listmálarabraut og teiknibraut		01.10.2023-12.10.2023	29	2	12	Holland
Starfsnám - Styttri dvöl: Textílbraut		01.10.2023-13.10.2023	11	1	13	Svíþjóð
Starfsnám - Lengri dvöl	Vor	01.07.2024-31.08.2024	1	0	62	Ítalía
SAMTALS Á SKÓLAÁRINU			51	4	102	

SKÓLAVERKEFNI FRAMKVÆMD

Dvalartegund	Tímabil	Fjöldi nemenda	Fjöldi kennara / fylgdarliði	Lengd (dagar)	Staður	
Hóþferð nemenda plús kennari	Haust	09.10.2023-14.10.2023	12	1	6	Þýskaland
Kennsluverkefni - á vegum Frjálsa málaraskólans"	Vor	05.03.2024-09.03.2024	0	2	5	Finnland
Hóþferð nemenda plús kennari		12.08.2024-16.08.2024	5	7	7	Svíþjóð
SAMTALS Á SKÓLAÁRINU			17	10	18	

Frá heimsókn starfsmanna í Academy of Art Ravenna, Mosaic School Ravenna og glerblástursmiðju í Feneyjum, júní 2024.



BARNAEILD 2023-2024

LEIK- OG GRUNNSKÓLASAMSTARF 2023-2024

DEILDARSTJÓRI: GUÐRÚN BENÓNÝSDÓTTIR

	Leikskóli	Fjöldi kennara	Fjöldi hópa	Fjöldi nemenda	Kennslustundafjöldi
HAUSTÖNN 2023	Ægisborg	4	4	28	36
	Ævintýraborg	1	1	5	9
	Sunnuás	3	3	19	27
	Álftaborg	3	3	24	27
	Berg	1	1	5	9
Í heild sinni		12	12	81	108
VORÖNN 2024	Múlaborg	3	3	20	27
	Hulduheimar	2	4	26	36
	Jörfi	4	3	24	36
	Heiðarborg	2	2	17	18
Í heild sinni		11	12	87	117
Leikskólasamstarf SAMTALS Á SKÓLAÁRINU		23	24	168	225

Af 225 heildarkennslustundum voru 60 tímar fyrir smiðju. Leikskólahópar tóku þátt í einum smiðjutíma hjá MÍR sem haldinn var fjóra mánudagsmorgna í röð.

GRUNNSKÓLASAMSTARF YNGRI/MIÐSTIG


	Árgangur	Fjöldi kennara	Fjöldi hópa	Fjöldi nemenda	Kennslustundafjöldi	
HAUSTÖNN 2023	Húsaskóli	4. bekkur	2	1	14	23
	Vogaskóli	6. bekkur	3	1	32	34
	Langholtsskóli	5. bekkur	2	3	60	68
	Breiðagerðisskóli	4. bekkur	2	2	48	45
	Laugarnesskóli	2. bekkur	2	5	95	113
Í heild sinni		11	12	249	281	
VORÖNN 2024	Vesturbæjarskóli	3. bekkur	3	1	28	34
	Háteigsskóli	6. bekkur	2	3	62	68
	Hvassaleitisskóli	4. bekkur	2	2	27	45
	Ártúnsskóli	5. bekkur	2	1	18	23
	Álftarmýrarskóli	4. bekkur	2	2	40	45
Austurbæjarskóli	5. bekkur	2	2	47	45	
Í heild sinni		13	11	222	259	
Yngri/miðstig SAMTALS Á SKÓLAÁRINU		24	23	471	540	

Af 540 heildarkennslustundum voru 117 tímar fyrir smiðju. Hópar á yngra stigi og miðstigi tóku þátt í þriggja daga smiðjutíma hjá MÍR.

Grunnskólasamstarf SAMTALS Á SKÓLAÁRINU	52	51	613	684
Leik- og grunnskólasamstarf samtals á	Fjöldi kennara	Fjöldi hópa	Fjöldi nemenda	Kennslustundafjöldi
haustönn	25	28	418	461
vorönn	30	27	363	448
SKÓLAÁRINU	55	55	781	909

**ENDURMENNTUN FYRIR LEIK- OG GRUNNSKÓLAKENNARA OG STARFSFÓLK
NÁMSKEIÐ FYRIR KENNARA YM OG UNGLINGASTIGS, Í SAMSTARFI VIÐ SKÓLA-
OG FRÍSTUNDASVIÐ REYKJAVÍKURBORGAR**

	Námskeið	Kennari/-ar	Fjöldi þáttenda	Kennslustundafjöldi
Haustönn 2023	Listræn leirvinna	Viktor Breki Óskarsson	10	12
	Pappírsgerð	Elva J Thomsen Hreiðarsdóttir og Hye Joung Park	9	12
	Velmegun - sviðsmyndir	Haraldur Jónsson og Kristín Ómarsdóttir	6	12
Í heild sinni	3	5	25	36
Vorönn 2024	Skapandi innblástur	Guðný Rúnarsdóttir	8	12
	Stærðfræði í myndlist	Anna Hrund Másdóttir og Jóhanna Ásgeirsdóttir	6	12
Í heild sinni	2	3	14	24
Endurmenntun SAMTALS Á SKÓLAÁRINU	5	8	39	60



Úr starfi barnadeildar.



BARNAEILD 2023-2024

BARNA- OG UNGLINGANÁMSKEIÐ

Skólaárið 2023-2024 í Barnaeild Myndlistaskólans í Reykjavík ein-kennist af gleði, fjölbreytni og ánægjulegum samskiptum við alla. Námskeið Myndlistaskólans í Reykjavík eru mikilvægur hluti af tómstundanámsframboði fyrir börn og unglinga höfuðborgarsvæðisins yfir vetrartímann og við finnum fyrir miklum áhuga og ríkri þörf fyrir það nám sem skólinn stendur fyrir. Námskeiðin bjóða upp á flest alla miðla s.s teikningu, málun, þrykk, tölvuteikningu, og keramik. Vetrarstarfið

okkar í barnaeildinni er styrkt af skóla- og frístundasviði Reykjavíkur.

Á sumrin býður Myndlistaskólinn í Reykjavík upp á sumarnámskeið sem standa í viku í senn og hafa í gegnum árin verið mjög vel sótt. Þau eru fastur liður í sumartíma margra barna og vinna nemendur að myndlist jafnt inni sem úti undir leiðsögn starfandi myndlistamanna, en þau eru ekki styrkt af skóla- og frístundasviði Reykjavíkur.

DEILDARSTJÓRI: ÞURÍÐUR ÓSK SMÁRADÓTTIR

	Aldur	Áfangi	Kennari/-ar	Fjöldi hópa	Fjöldi nemenda	Kenndar stundir	
Hringbraut 121 Sumar ágúst 2023	6-9 ára	Myndlist ofl.	Ragnheiður Gestsdóttir, Þórunn Dís Halldórsdóttir, Rannveig Jónsdóttir	4	49	90	
	10-12 ára	Teikning og blönduð tækni	Guðrún Benónýsdóttir, María Rún Þrándardóttir	3	36	45	
	1012 ára	Mangateikning	Dagur Pétursson Pinós og Guðbrandur Magnússon	1	20	23	
	13-16 ára	Graffiti	Karl Kristján Davíðsson	1	12	23	
Í heild sinni		6		8	9	117	181

	Aldur	Áfangi	Kennari/-ar	Fjöldi hópa	Fjöldi nemenda	Kenndar stundir	
Hringbraut 121 Haustönn 2023	4-5 ára	Myndlist	Sölvi Þórhallsson og Tara Njála Ingvarsdóttir	3	17	84	
	6-9 ára	Myndlist	Ragnheiður Gestsdóttir, Ína Salóme Hallgrímsdóttir, Guðrún Benónýsdóttir, Selma Hreggviðsdóttir, Steinunn Marta Önnudóttir, Þór Sigurþórsson	5	45	140	
	6-9 ára	Leirmótun	Þóra Breiðfjörð	1	8	28	
	10-12 ára	Teikning og blönduð tækni	Lovísa Lóa Sigurðardóttir, Selma Hreggviðsdóttir	2	20	72	
	10-12 ára	Mangateikning	Guðbrandur Magnússon	1	10	36	
	10-12 ára	Myndasögur	Dagur Pétursson Pinós	1	12	36	
	1012 ára	Leirmótun og rennsla	Þóra Breiðfjörð, Ragnheiður I. Margeirsdóttir	4	32	72	
	13-16 ára	Mangateikning	Dagur Pétursson Pinós og Guðbrandur Magnússon	1	19	41	
	13-16 ára	Dungeons & Dragons: Teiknað og spilað	Guðbrandur Magnússon	2	6	27	
	13-16 ára	Leirmótun og rennsla	María Sjöfn Dupuis Laufeyjardóttir	1	12	41	
	13-16 ára	Teikning og blönduð tækni	Lovísa Lóa Sigurðardóttir	1	12	41	
	Í heild sinni		11		20	22	193
Miðberg Haustönn 2023	Aldur	Áfangi	Kennari/-ar	Fjöldi hópa	Fjöldi nemenda	Kenndar stundir	
	6-9 ára	Myndlist	Brynhildur Þorgeirsdóttir	1	8	28	
	10-12 ára	Teikning og blönduð tækni	Brynhildur Þorgeirsdóttir	1	10	36	
Í heild sinni		2		2	18	64	
Haustönn samtals		13		22	24	211	682

	Aldur	Áfangi	Kennari/-ar	Fjöldi hópa	Fjöldi nemenda	Kenndar stundir
Hringbraut 121 Vorönn 2024	4-5 ára	Myndlist	Sölvi Þórhallsson og Tara Njála Ingvarsdóttir	2	13	56
	6-9 ára	Myndlist	Sölvi Þórhallsson, Selma Hreggvisdóttir, Guðrún Benónýsdóttir, Guðlaug Mía Eyþórsdóttir, Kristín Karólína Helgadóttir, Ragnheiður Gestsdóttir	6	48	168
	6-9 ára	Leirmótun	Þóra Breiðfjörð	1	8	28
	10-12 ára	Teikning og blönduð tækni	Lovísa Lóa Sigurðardóttir, Selma Hreggvisdóttir	2	24	108
	10-12 ára	Mangateikning	Dagur Pétursson Pinós og Guðbrandur Magnússon	1	7	36
	10-12 ára	Myndasögur	Dagur Pétursson Pinós og Guðbrandur Magnússon	1	19	72
	10-12 ára	Procreate	Dagur Pétursson Pinós	1	8	36
	10-12 ára	Leirmótun og rennsla	Þóra Breiðfjörð, Ragnheiður I. Margeirsdóttir	2	20	72
	13-16 ára	Mangateikning	Dagur Pétursson Pinós og Guðbrandur Magnússon	1	20	41
	13-16 ára	Ljósmyndun	Berglind Erna Tryggvadóttir	1	6	27
	13-16 ára	Leirmótun og rennsla	Sunna Sigfríðardóttir	1	12	41
	13-16 ára	Teikning og blönduð tækni	Lovísa Lóa Sigurðardóttir	1	12	41
	13-16 ára	Dungeons & Dragons: Teiknað og spilað	Guðbrandur Magnússon	2	12	54
	Í heild sinni		13	24	22	209
Miðberg Vorönn 2024 Fellaskóli	6-9 ára	Myndlist	Rannveig Jónsdóttir	1	8	28
	10-12 ára	Teikning og blönduð tækni	Rannveig Jónsdóttir	1	10	36
	10-13 ára	Myndasería	Sara Riel	1	12	24
Í heild sinni		3	3	3	50	88
Vorönn samtals		16	27	25	239	868

	Aldur	Áfangi	Kennari/-ar	Fjöldi hópa	Fjöldi nemenda	Kenndar stundir
Hringbraut 121 Sumar júní 2024	6-9 ára	Myndlist	Lovísa Lóa Sigurðardóttir, Guðrún Benónýsdóttir, Selma Hreggvisdóttir	4	42	90
	10-12 ára	Myndlist og búningar	Tara Njála Ingvarsdóttir	1	7	25
	10-12 ára	Mangateikning	Dagur Pétursson Pinós og Guðbrandur Magnússon	2	30	45
	10-12 ára	Myndlist	Guðrún Benónýsdóttir	1	15	25
	13-16 ára	Mangateikning	Dagur Pétursson Pinós og Guðbrandur Magnússon	1	8	25
Í heild sinni		5	9	9	60	204
SAMTALS Á SKÓLAÁRINU		40	66	67	627	1955



Verk eftir nemendur úr barnanámskeiðum.

NÁMSKEIÐ FYRIR 16 ÁRA OG ELÐRI

Skólaárið 2023-24 var viðburðarríkt í deild almennra námskeiða. Helga Björk lét af störfum sem deildarstjóri og Ólöf Bóadóttir gekk í starfið í hennar stað. Jafnframt var nokkuð um endurnýjun í kennarahópnum, sem reyndar er breytilegur milli anna.

Reynslumiklir kennarar við deildina sinntu kennslu þetta árið eins og önnur ár. Það er ástæða til að þakka þeim sérstaklega fyrir vel unnin störf og hollustu við skólann. Aðrir höfðu eitthvað kennt við skólann á fyrri skólaárum en enn aðrir voru að kenna við skólann í fyrsta skiptið. Kennarar og annað starfsfólk við deildina kom vel undan vetri þrátt fyrir mikla endurnýjun starfsfólks. Markmiðið er að viðhalda og hlúa að þeirri þekkingu sem er til staðar meðal reynslumikilla kennara um leið og búið er til rými fyrir nýjungar, sem í sumum tilfellum eru til þess gerðar að efla það sem fyrir er. Þetta krefst áheyrnar og virkrar hlustunar deildarstjóra.

Á skólaárinu var meira um styttri námskeið en verið hefur. Sem dæmi má nefna námskeiðin **Útrás fyrir handóða: Krass og Módelteikning: Aflagalína**. Fyrirnefnda námskeiðið kenndi Helga Páley Friðþjófsdóttir og það síðarnefnda Kristín Gunnlaugsdóttir. Hugsunin var sú að námskeiðin væru sniðin að listiðkun kennaranna. Þannig hefðu þeir betri tök á því en ella að miðla eigin aðferðum við listsköpun til nemenda. Það er enda aðalsmerki Myndlistaskólans að kennarar við skólann eru starfandi myndlistarmenn.

Á skólaárinu voru haldin 46 námskeið í 65 námskeiðahópum. Afrakstur námskeiða á vorönn var sýndur á opnu húsi þann 17. mars síðastliðinn.

Myndskreyting



Vatnslitun



Teikning



Inni í skólafötu

NÁMSKEIÐ FYRIR 16 ÁRA OG ELÐRI

DEILDARSTJÓRI: HELGA BJÖRK OTTÓSDÓTTIR (SUMAR - HAUSTÖNN) / ÓLÖF BÓADÓTTIR (HAUSTÖNN - VORÖNN)

		Áfangi	Kennari/-ar	Fjöldi hópa	Fjöldi nemenda	Þeyttar einingar	Loknar einingar	Kenndar stundir
Samstarfs- verkefni	3Mynd2EA00	Endimörk Alheims- ins: Náttúra og líf	Sigtryggur Bjarni Baldvinsson, Þórarinn Blöndal og Snorri Freyr Hilmarsson	1	15	0	0	40
Sumar ágúst 2023	Námskeiðið var haldið við ysta haf á Melrakkaslétu rétt sunnan við Heimskautsbaug, 07.08.-11.08.2023. Rannsóknastöðina Rif og Heimsenda, menningarfélag Óskarsbragga á Raufarhöfn með tilstyrk frá Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra.							
Í heild sinni		1	3	1	15	0	0	40
Haustönn 2023	FORM2AH02	Arkitektúr og hönnun	Bjarki Gunnar Halldórsson og Jóhanna Ásgeirsdóttir	1	12	24	24	53
	KERA2GM02	Gífsmótagerð - frá hönnun að lokaafurð	Adrianna Stanczak	1	8	16	16	53
	KERA2LF01	Leirrennsla: Framhald	Þuríður Ósk Smáradóttir	2	19	19	19	35
	KERA2LR01	Leirrennsla	Adrianna Stanczak, Birgitte Munck, Viktor Breki Óskarsson	6	62	62	62	55
	KERA2LS01	Leirmótun og skúlptúr	Anna Wallenius	2	17	17	17	35
	KERA2LV00	Leirrennsla: Verkstæði	Þuríður Ósk Smáradóttir	2	9	0	0	35
	MARG2IP01	InDesign og Photoshop	Magnús Valur Pálsson	1	12	12	12	26
	MARG2PC01	Procreate	Dagur Pétursson Pinos	1	5	5	5	26
	MARG2TT01	Teiknað í tölvu	Sigmundur Breiðfjörð Þorgeirsson	1	4	4	4	26
	MÁLV2AU02	Málaralist: Áferð, aðferðir og útfærsla	Jón B. K. Ransu, Kristinn Harðarson og Sígga Björg Sigurðardóttir	1	12	24	24	53
	MÁLV2VL01	Vatnslitun	Anna Rún Tryggvadóttir, Lukas Bury	2	15	15	15	35
	MÁLV2VS02	Málaralist: Vinnustofa	Valgarður Gunnarsson	1	12	24	24	53
	MÁLV2VT00	Vatnslitun, tilraunir	Anna Rún Tryggvadóttir	1	9	0	0	26
	MÓDE2MÓ01	Módelteikning	Halldór Baldursson	2	22	22	22	26
	TEIK1FM02	Teikning 1: Fjarvídd og mælingar	Eygló Harðardóttir	1	5	10	10	53
	TEIK2GR01	Grafík	Elva Hreiðarsdóttir	1	6	6	6	26
	TEIK2MS01	Myndskreytingar	Hlíf Una Bárudóttir	1	11	11	11	26
	Námskeið	VIST0ML00	Myndlist: Vinnustofa	Lee Lorenzo og Kristinn Harðarson	1	13	0	0
Í heild sinni		18	25	28	253	271	271	666
Stytttri námskeið	HUGM2LH00	Litríki heilinn	María Sjöfn Dupuis Laufeyjardóttir og Sigurður Unnar Birgisson	1	6	0	0	22
	TXTL2JL00	Jurtalitun: Shibori og ecoprint	Christalena Hughmanick	1	12	0	0	17
Í heild sinni		2	3	2	18	0	0	39
Haustönn samtals		21	31	31	286	271	271	745

NÁMSKEIÐ 2023-2024

		Áfangi	Kennari/-ar	Fjöldi hópa	Fjöldi nemenda	Preyttar einingar	Loknar einingar	Kenndar stundir
Vorönn 2024	KERA2LF02	Leirennsla: Framhald	Puríður Ósk Smáradóttir	1	10	20	20	53
	KERA2LR01	Leirrennsla	Adrianna Stanczak, Viktor Breki Óskarsson	4	37	37	37	35
	KERA2LS01	Leirmótun og skúlptúr	Anna Wallenius	1	9	9	9	35
	KERA2LSF01	Leirmótun og skúlptúr: Framhald	Anna Wallenius	1	7	7	7	35
	MAPP2FM00	Ferilmöppugerð	Magnús Valur Pálsson og Sigrún Hrólfsdóttir	1	12	0	0	22
	MARG2IP01	InDesign og Photoshop	Magnús Valur Pálsson	1	11	11	11	26
	MÁLV2AU02	Málaralist: Áferð, aðferðir, útfærsla	Kristinn G. Harðarson, Kristín Morthens og Steingrímur Gauti	1	8	16	16	53
	MÁLV2LM01	Landslagsmálverk	Almar Steinn Atlason og Valgarður Gunnarsson	1	7	7	5	35
	MÁLV2VF02	Vatnslitun	Anna Rún Tryggvadóttir, Lukas Bury og Rakel McMahon	1	11	22	22	53
	MÁLV2VS02	Málun: Vinnustofa	Valgarður Gunnarsson	1	11	22	20	53
	MÓDE2MÓ01	Módelteikning	Halldór Baldursson	2	22	22	22	26
	TEIK1GP02	Grunnþættir teikningar	Eygló Harðardóttir	1	10	20	20	53
	TEIK2KP02	Krassað og þrykkt	Helga Páley Friðbjófsdóttir, Leifur Ýmir Eyjólfsson og Sigurður Ámundason	1	6	12	12	53
	TEIK2ML02	Myndlýsingar	Edda Karólína Ævarsdóttir, Hlíf Una Bárudóttir og Natka Klimowicz	1	5	10	10	53
	VIST0ML00	Myndlist: Vinnustofa	Berglind Erna Tryggvadóttir, Jóhanna Ásgeirsdóttir og Kristinn G. Harðarson	1	8	0	0	45
Námskeið								
Í heild sinni		15	28	19	174	215	211	627
Stytti námskeið	N-SHLF	Framköllun í skammdeginu	Berglind Erna Tryggvadóttir	1	10	0	0	18
	N-TEIKA	Teikning fyrir aðgerðarsinna!	Rán Flygenring	1	7	0	0	18
	NÚKR	Útrás fyrir handóða: Krass	Helga Páley Friðbjófsdóttir	1	7	0	0	18
	NÚMO	Útrás fyrir handóða: Mónóþrykk	Leifur Ýmir Eyjólfsson	1	11	0	0	18
	NÖLR	Örnámskeið í leirrennslu	Anna Wallenius, Sunna Sigfríðardóttir	6	49	0	0	81
Í heild sinni		5	6	10	84	0	0	151
Vorönn samtals		20	34	29	258	215	211	778

		Áfangi	Kennari/-ar	Fjöldi hópa	Fjöldi nemenda	Þreyttar einingar	Loknar einingar	Kenndar stundir
Sumar júní 2024	KERA2LR01	Leirrennsla	Viktor Breki Óskarsson	1	11	11	11	26
	VEFN2GV1	Grunnnámskeið í vefnaði	Thelma Kristín Stefánsdóttir	1	5	5	4	35
Námskeið								
Í heild sinni		2	2	2	16	16	15	61
Styttri námskeið	N-MÓDEA	Módelteikning: Aflagalína	Kristín Gunnlaugsdóttir	1	11	0	0	26
	NÖPU	Örnámskeið í leirmótun: Pulsuaðferð	Anna Wallenius	1	5	0	0	35
Í heild sinni		2	2	2	16	0	0	61
Samstarfs- verkefni	NFATEX	FATEX (04.06.-08.06.2023)	Sigmundur Páll Freysteinnsson	1	14	0	0	40
		Sigmundur Páll Freysteinnsson hlaut styrk til að kenna námskeið í jurttaliton fyrir framhaldsskólakennara. Í samstarfi við Félag framhaldsskólakennara.						
Í heild sinni		1	1	1	14	0	0	40
Júní 2024 samtals		5	5	5	46	16	15	163
SAMTALS Á SKÓLAÁRINU		46	70	65	590	502	497	1686



Teikning fyrir aðgerðarsinna! vor 2024.
Ljósmynd: Rán Flygenring

FULLT NÁM Í DAGSKÓLA

KERAMIKBRAUT 2023-2024

VFIRKENNARI: KATRÍN VALGERÐUR KARLSDÓTTOT DYRVING						
	Áfangi	Kennari / kennarar	Fjöldi nemenda	Þreyttar einingar	Loknar einingar	Kenndar stundir
HAUSTÖNN 2023	EFNA4KE04: Glerungæfnafræði	Katrín V. Karlsdóttir	7	40	40	55
	HUGM4KY03: Hugmyndavinna	Guðjón Ketilsson	7	30	30	35
	HÖNS4AH03: Almenn hönnunarsaga	Ásdís Jóelsdóttir	7	27	27	28
	KERA4GB07: Keramik	Daði Harðarson, Guðný Magnúsdóttir, Monica Debus, Grit Uhlemann	7	70	70	151
	MÁLS4KY04: Málstofa	Katrín V. Karlsdóttir	7	40	40	16
	NÁMS4NF05: Námsferð	Katrín V. Karlsdóttir	7	50	50	70
	VSTÆ4KY04: Verkstæði	Katrín V. Karlsdóttir, Guðný Magnúsdóttir, Daði Harðarson	7	40	40	61
Í heild sinni	7	15	7	297	297	416
VORÖNN 2024	HUGM4KG03 Hugmyndavinna	Sigmundur Páll Freysteinnsson	9	27	27	40
	KERA4GF11 Gífsmótagerð og hönnun	Jens Pfothenauer, Guðbjörg Björnsdóttir	9	99	99	154
	TEIK4SB03 Skissubók	Halldór Baldursson	8	24	24	43
	SAGA4KN03 Saga keramíks, nútíminn	Katrín V. Karlsdóttir	9	27	27	39
	LIST4SL02 Samtímalist	Jón B.K. Ransu	7	14	14	21
	MÁLS4KG04 Málstofa	Katrín V. Karlsdóttir	9	36	36	16
	VSTÆ4KG04 Verkstæði Gífsmótagerð og hönnun, sjálfstætt verkefni	Katrín V. Karlsdóttir, Guðbjörg Björnsdóttir	9	36	36	52
Í heild sinni	7	12	9	263	263	365
SAMTALS Á SKÓLAÁRINU	14	27	8	560	560	781

Stund er kaffisett sem inniheldur það sem þú þarft til að hella upp á góðan te- eða kaffibolla. Hönnunarmars.



Íris Telma, beðið við gluggann. Hönnunarmars.



FYRIRLESARAR OG GESTAKENningar	Áfangi	Önn
Monica Debuse, gestakennari Yfirborðsskreyti, engobe, mótun	KERA4GB07: Keramik	Haust 09.10 - 13.10
Grit Uhlemann, gestakennari Villt glerungæfni, glerungar	KERA4GB07: Keramik	Haust 16.10 - 20.10
Sigríður Guðsteinsdóttir, fyrirlestur Starfsnám hjá Peter Fink í Sviss	MÁLS4KY04 Málstofa	Haust 15.09.
Viktor Breki Óskarsson, fyrirlestur Starfsnám hjá Christian Bruun DK	MÁLS4KY04 Málstofa	Haust 09.11.
Kristín Gunnlaugsdóttir, fyrirlestur Um rekstur eigin myndlistarferils	MÁLS4KG04 Málstofa	Vor 11.01.
Jens Pfothenhauer, gestakennari Gífsmótagerð og hönnun	KERA4GF11 Gífsmótagerð og hönnun	Vor 04.03 - 22.03

SAMSTARF

Fyrirtæki/stofnun Verkefni	Önn	Niðurstaða
Hönnunarmars Nýting og nægjusemi	Vor 24.04 - 26.04	Sýning nemenda á nytjahlutum sem þeir hönnuðu með hugtökin nýting og nægjusemi í huga, steypt úr postulínsmassa og glerjuð. Unnin í gífsmóta og hönnunaráfanga með Jens Pfothenhauer.

HEIMSÓKNIR OG SAFNAFERÐIR

	Áfangastaður	Áfangi	Önn
Leiðsögn frá safninu á allar yfirstandandi sýningar	Hafnarhús Listasafn Reykjavíkur	MÁLS4KG04 Málstofa	Haust
Heimsókn á vinnustofu. Guðjón Ketilsson, listamaður	Vinnustofa Guðjóns Ketilssonar	HUGM4KY03 Hugmyndavinna	Haust
Leiðsögn frá safninu á sýningar feðgininna Eiríks Smiths og Sóleyju Eiríks	Hafnarborg	MÁLS4KY04 Málstofa	Haust
Heimsókn í Hochschule Koblenz - Institut für Künstlerische Keramik und Glas (IKKG). Tökum þátt í málstofu, og saltbrennslu í einum af fáum risastóru saltbrennsluofnunum sem eftir eru frá uppgangstíma saltbrennslu á 15 öld.	Höhr Grenzhausen, Þýskaland	NÁMS4NF05 Námsferð	Haust
Tök þátt í stuttu glerunganámskeið þar sem unnið var með villt hráefni. Grit Uhlemann / Porzellanlandschaften			
Heimsókn á vinnustofu. Monika Debus/ Keramikgruppe			
Heimsókn á vinnustofu. Martin Goerg / Keramikgruppe			
Heimsókn á vinnustofu. Susan Altwieg / Keramikgruppe			
Heimsókn á vinnustofu. Andreas Hinder / Ceramix			
Heimsókn í keramikverksmiðju Schilz GmbH			
Leiðsögn í Keramikmuseum Westerwald			
Skoðunarferð með leiðsögn í The Colleges of Ceramic Design and Ceramic Engineering			
Skoðunarferð með leiðsögn í Sibelco leir námu			
Heimsókn á Keramikmarkað Dreieichenhain			
Heimsókn á vinnustofu. Jens Pfothenhauer			
Heimsókn í gallerí og vinnustofu. Kati Horn			
Skoðunarferð með leiðsögn í verksmiðjuna Wagner & Apel GmbH Porzellanfiguren			
Heimsókn í GRASSI Museum	Leipzig, Þýskaland		
Leiðsögn á yfirstandandi sýningar	Hönnunarsafn Íslands	MÁLS4KG04 Málstofa	Vor
Sýningarferð. Óendanlegir vinir alheimsins. Egill Snæbjörnsson, listamaður	Listasafn Íslands	MÁLS4KG04 Málstofa	Vor
Leiðsögn frá safninu á sýninguna Flæðarmál, yfirlitssýningu Jónínu Guðna	Hafnarborg	MÁLS4KG04 Málstofa	Vor

NÁMSFERÐIR

Áfangastaður	Áfangi	Önn
Námsferð í keramikflórana í Westerwald, Þýskalandi, og þá sérstaklega í Höhr Grenzhausen sem er lítil bær þar sem allt snýst um keramik.	NÁMS4NF05 Námsferð	Haust

LISTMÁLARABRAUT 2023-2024

